



629. fundur stjórnar SASS

Haldinn á Hótel Klaustri

miðvikudaginn 22. október 2025, kl. 18:00

Pátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður sem stýrði fundi, Sandra Sigurðardóttir varaformaður, Arnar Freyr Ólafsson, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Gauti Árnason og Helga Jóhanna Harðardóttir. Fundinn situr einnig Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Gestir fundarins eru fulltrúar sveitastjórnar Skaftárhrepps þeir Einar Kristján Jónsson, Björn Helgi Snorrason og Gunnar Pétur Sigmarsson auk þess sem Sveinn Hreiðar Jensson kom inn rétt fyrir lok fundarins.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn.

1. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Stjórn SASS bókar eftirfarandi vegna áforma um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum, mál nr. S160/2025.

„Stjórn SASS leggur ríka áherslu á að heilbrigðiseftirlitin í landinu starfi áfram á svæðisbundnum grunni með skýra nær þjónustu og staðþekkingu, en undir samræmdri yfirstjórn ríkisstofnana, samræmdum verklagsreglum og sameiginlegum stafrænum lausnum. Með slíku fyrirkomulagi má ná fram þeim úrbótum sem stjórnvöld stefna að án þess að það komi niður á þjónustu við íbúa og atvinnurekstur í víðfeðmum sveitarfélögum á Suðurlandi.

Frumvarpsáformin gera ráð fyrir að lögbundin verkefni heilbrigðiseftirlita falli niður og flytjist að fullu til Umhverfis- og orkustofnunar og Matvælastofnunar. Aftur á móti yrði hluti lögbundins eftirlits, sem áætla má að nemi um 30%, skilin eftir hjá heilbrigðiseftirlitunum en flest þau verkefni eru almenn þjónustuverkefni sem skila litlum sem engum tekjum inn í reksturinn, sem þýðir að rekstur heilbrigðiseftirlitanna gæti þýngst svo um munar. Stjórn SASS telur það gagnrýni vert að ekki liggi fyrir kostnaðarmat við fyrirhugaða lagabreytingu.

Það er mat stjórnar SASS að fyrirhuguð lagabreyting muni veikja sveitarstjórnarstigið. Þekking og aðkoma kjörinna fulltrúa á mikilvægum málaflokkum sem tengjast þeirra sveitarfélögum mun tapast og færast til embættismanna ríkisstofnanna, sem alla jafna eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn SASS tekur heilshugar undir þær athugasemdir sem Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi hafa gefið um fyrirhugaðar breytingar og skorar á Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að draga umrædd áform til baka en leiða þess í stað vinnu ríkis og sveitarfélaga í að laga núverandi kerfi og tryggja öfluga og góða nær þjónustu í öllum landshlutum.“



Bókun samþykkt samhljóða.

2. **SASS og sveitastjórn Skaftárhrepps**

Í tilefni af Ársþingi SASS sem haldið er á Kirkjubæjarklaustri 23. – 24. Október fundaði stjórn SASS með sveitastjórn Skaftárhrepps. Farið var yfir stöðu og verkefni sveitarfélagsins og þá framtíðarsýn sem liggur fyrir þegar kemur að uppbyggingu á svæðinu.

3. **Önnur mál**

Engin önnur mál tekin fyrir að þessu sinni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19:00

Næsti fundur stjórnar verður haldinn á Teams þann 7. nóvember 2025